



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 24. ágúst 2020

USK2020010020

6.7

Borgarráð

Eiðsgrandi sjóvarnir.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við 1. áfanga endurgerðar á sjóvarnargarði við Eiðsgranda.

Kostnaðaráætlun 2 er 250 mkr. Áætlað er að framkvæmdir hefjist um miðjan september og verði lokið á árinu 2020.

Verkefnið er hluti af áætlun um að flýta fjárfestingarverkefnum Reykjavíkurborgar með það að markmiði að veita viðspyrnu við atvinnuleysi af völdum COVID-19.

Greinargerð:

Um er að ræða 1. áfanga framkvæmda (um 500 m) sem nær frá dælustöð móts við Keilugranda og að hringtorgi á Hringbraut. Á svæðinu er jafnframt unnið við gerð nýs hjólastígs.

Skemmdir hafa orðið á sjóvarnargarðinum á undarförnum árum. Los er komið á grjót í garðinum og hefur garðurinn skriðið fram. Þá hafa orðið skemmdir á göngustíg vegna ágangs sjávar.

Sjóvarnargarðurinn verður endurgerður í samræmi við deiliskipulag sem samþykkt var í borgarráði í mars 2017.

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Kostnaðarstaður: 3108

Kostnaðaráætlun 2: 250 mkr.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhald

Hjálagt:
-Kynning



SJÓVARNARGARÐUR VIÐ EIÐSGRANDA

Endurgerð sjóvarnargarðs
meðfram Eiðsgranda frá
dælustöð að Hringbraut

Strandlínan meðfram Eiðsgranda og Ánanaustum árið 1991



Eiðsgrandi í janúar 2020

SJÓVARNARGARÐUR VIÐ EIÐSGRANDA

Endurgerð



Sjóvarnargarðurinn meðfram Eiðsgranda og Ánanaustum liggur undir skemmdum og þarfnast endurgerðar.

Verkið felst í endurgerð á fyrsta áfanga (um 500 m. löngum kafla) sem nær frá dælustöðinni til móts við Keilugranda og að hringtorginu við JL húsið.


SJÓVARNARGARÐUR VIÐ EIÐSGRANDA

Endurgerð



SJÓVARNARGARÐUR VIÐ EIÐSGRANDA

Endurgerð



Unnið er í samræmi við gildandi skipulag, samþykkt í borgarráði 16.03.2017.

Kostnaðaráætlun verksins er 250.000.000.

Fyrirhugað er að útboð á verkinu fari fram í lok ágúst 2020

Áætlað er framkvæmdir hefjist um miðjan september og ljúki fyrir áramót 2020.

SJÓVARNARGARÐUR VIÐ EIÐSGRANDA

Endurgerð



Ufsaklettur er staðsettur á svæðinu og flokkast sem menningarminjar.

Á meðan framkvæmdum stendur verður hann fluttur til geymslu á Árbæjarsafni.

Að framkvæmdum loknum verður honum komið fyrir á sama stað og umhverfið í kringum hann endurgert í sömu mynd.

SJÓVARNARGARÐUR VIÐ EIÐSGRANDA

Endurgerð

TAKK FYRIR

